

Ed.

755. Nefndarálit

um frv. til laga um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það mjög ýtarlega alls á 10 fundum. Ræddi hún málið einnig við sjávarútvegsnefnd Nd. svo og við forstjóra og stjórn Samábyrgðarinnar.

Nefndinni hefur þótt nauðsynlegt að leggja til, að margvislegar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. eru nokkrar þeirra á orðalagi aðeins og leiðréttingar, en aðrar verulgar efnisbreytingar. Hefur nefndin reynt að fá samkomulag um þær, til þess að tryggja framgang frumvarpsins á þessu þingi, en á það leggur nefndin megináherzlu, að svo megi verða. Um flestar þessar breytingar hefur náðst samkomulag við viðkomandi aðila, en þó hefur ekki náðst samkomulag um brtt. nefndarinnar við 22. gr. og 32. gr. Hefur form. sjávarútvegsnefndar Nd. tjáð sig andvigan þessum breytingum. Verða því atkvæði þingmanna að skera úr um þau atriði.

Skal gerð hér nokkur grein fyrir þeim brtt., sem nefndin er sammála um að leggja til, að samþykktar verði.

Samkvæmt 6. og 7. gr. frv. eins og þær eru nú á þskj. 336 er gert ráð fyrir því, að eigendur hinna váttryggðu skipa kjósi félagsstjórnirnar, en þær skipi síðan skoðunar- og virðingarmenn hver á sínu tryggingarsvæði. En með því að Samábyrgðinni er gert að skyldu að taka í endurtryggingu 85% hjá hverju félagi, þykir nefndinni eðlilegt og sjálfsagt, að aðili, sem skyldur er að taka á sig svo stóra áhættu, fái einnig þátttöku í stjórn félaganna. Hér er því lagt til, að Samábyrgðin velji jafnan einn af þremur stjórnendum hvers félags. Skapar þetta fyrirkomulag tvímælalaust miklu meiri skilning á hinum ýmsu verkefnum og tengir félögin nánari böndum við Samábyrgðina. Þá þykir nefndinni og rétt, að Samábyrgðin tilnefni jafnan annan skoðunar- og virðingarmanninn, til þess m. a. að fá meira samræmi í virðingargerðir og mat en verið hefur. Hefur mjög borið á því, að skip og bátar hafi eigi ávallt verið metnir eftir sama verðmælikvarða hvar sem er á landinu, en að því ber að stefna, að þannig verði matið samræmt í framtíðinni. Ein leiðin til þess er að skipa matsmennina á þann hátt, sem nefndin leggur til. Þá eru einnig dæmi til þess, að skip, sem jafnvel hafa verið ný, hafa ekki verið metin á fullu kostnaðarverði, og eigendur því borið verulegt tjón af því fram yfir eigin áhættu samkv. fyrir-mælum laganna. Ætti mun minni hættu að vera á þessu, ef matsmenn eru skipaðir á þann hátt, sem nefndin leggur til. Með þessu fyrirkomulagi á ekki að vera nauðsynlegt að meta skip upp að nýju, þótt það skipti um tryggingarsvæði, eins og gert er ráð fyrir í 12. gr. frv. Samkvæmt 11. gr. frv. á þskj. 382 er gert ráð fyrir því, að ef iðgjald er ekki greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá verði tjón, sem eftir þann tíma verða, ekki bætt, fyrr en iðgjald hefur verið greitt. Er þetta að sjálfsögðu gert til þess að tryggja hetur iðgjaldagreiðslur. Mun þess og vera full þörf, því að eftir því sem upplýst er, mun Samábyrgðin hafa átt útistandandi um 3.5 millj. kr. í iðgjöldum samanlagt hjá hinum ýmsu félögum. Nefndin getur þó ekki fallizt á, að þetta ákvæði nái tilgangi sínum, auk þess sem vafasamt er, hvort skip telst veðhæft, ef slíkt ákvæði yrði jafnan gert gildandi. Hún leggur því til, að í stað þessa verði ráðuneytinu heimilað að leggja félag niður og ráðstafa tryggingunum á annað félagssvæði, ef iðgjöld eða endurtryggingargjöld eru ekki greidd eins og tilskilið er. Telur nefndin, að slíkt ákvæði tryggji að fullu iðgjaldagreiðslur, en á það verður að leggja megináherzlu, að gjöldin verði innheimt eins og lög standa til, þar sem það er grundvallaratriði fyrir starfsemi tryggingarinnar.

Gerðar eru till. um nokkrar breytingar á 13. gr. Aðallega í sambandi við skoðanir tjóna til samræmingar þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði á öðrum greinum frv. um þetta atriði. Þá er einnig lagt til, að niður falli úr þessari grein einhliða réttur til niðurfellingar á samningi um tjónsbætur. Þá er einnig lagt til, að þær breytingar verði gerðar á 17. gr., að váttryggður hafi rétt til bóta fyrir algerðan skipstapa, ef kostnaður við björgun á skipi og viðgerð fer fram úr váttryggingarupphæð skipsins, svo og að stytta frest til björgunar á skipi úr 10 mánuðum í 6 mánuði.

Samkvæmt 22. gr. frv. á þskj. 382 er greiðsla fyrir björgun mjög takmörkuð, og auk þess svo fyrir mælt, að hún skuli metin á allt annan hátt en samkv. l. nr. 56 30. nóvember 1914. Nefndin getur ekki fallizt á, að rétt sé að halda þessum ákvæðum í frv., heldur beri að fylgja hér almennum ákvæðum um björgunarlaun. Séu þau álitin almennt óeðlilega há, þá beri að endurskoða þau lagaákvæði, sem gilda hér um, skapa ekki hér sérreglur fyrir ákveðinn flokk skipa í landinu. Mætti það jafnvel verða til þess, að björgun á þeim flokki skipa yrði síður sinnt en skyldi, og hagar-

inn því mjög vafasamur, enda vill nefndin ekki stuðla að því, að dregið yrði úr björgunartilraunum manna og skipa fyrir slík ákvæði í lögnum. Hún leggur því til, að þessari grein verði breytt í það horf, að hér um gildi hinar almennu reglur um björgunarlaun.

Í 26. gr. frv. hefur 4. lína 2. mgr. flutzt fram fyrir mgr. Með því að gera má ráð fyrir, að þetta verði lagað með uppprentun á þskj., er ekki gerð tillaga til breytingar.

Lagt er til, að sú efnisbreyting verði gerð á 24. gr., að fullar bætur verði greiddar fyrir tjón á opnum vélbátum á sama hátt og öðrum bátum. Þá er og lagt til, að sú efnisbreyting verði gerð á 32. gr., að úrskurði gerðardóms megi áfrýja beint til hæstaréttar. Nefndin lítur svo á, að þar sem hér geti verið um að ræða bótaskyldur, er nemi jafnvel hundruðum þúsunda, þá sé ekki rétt, að út um það sé gert aðeins á einu dómsstigi, heldur að réttur sé til áfrýjunar, ef annarhvor aðili vill ekki sætta sig við dóminn.

Þá gat nefndin ekki fallizt á, að rétt væri að lögfesta venjur Samábyrgðarinnar, sem ekki er vitað almenningi, hverjar eru. Hitt sé eðlilegra, að ráðuneyti setji reglugerð í samræmi við lögin og taki þar þá upp það, sem því þykir máli skipta hér um og á stoð í lögnum.

Einn nefndarmanna (PM) var fjarstaddur vegna veikinda, er endanlega var gengið frá tillögnum.

Með tilvisun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „skip og bátar“ komi: fljótandi för.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 1. mgr. komi: Ráðherra.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „atvinnumálaráðherra í 1. mgr. komi: ráðherra.
4. Við 6. gr. 1.—3. mgr. orðist svo:

Vátryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður, kosinn af nefndinni, og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna vátryggðu skipa velja tvo stjórnarnefndarmennina, en Samábyrgðin þann þriðja. Á sama hátt skal velja 3 stjórnarnefndarmenn til vara. Stjórnarnefndin kys framkvæmdastjóra fyrir félagið.

Kosning stjórnarnefndarmanna fer fram á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Þá skal einnig kjósa tvo endurskoðendur og tvo til vara til sama tíma. Þóknun til stjórnenda og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur daglegt eftirlit með rekstri félagsins og úrskurðar skaðabótageiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef stjórnarnefndin er ekki sammála um bótageiðslurnar.

5. Við 7. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:
Stjórn félagsins og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara, til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrir mælum þessara laga.
6. Við 11. gr.
 - a. Í stað orðanna „en þeir skulu skipaðir“ og til enda 1. mgr. komi: sbr. 7. gr.
 - b. 2. másl. 4. mgr. orðist svo: Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.
 - c. Í stað síðari másl. í 9. mgr. kemur ný mgr., er orðist svo:

Nú hefur vátryggingarfélag ekki innheimt tryggingargjöld eins og tilskilið er í lögum þessum og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingargjöldin, og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa vátryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Óðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar

- eignir félagsins, kröfur og réttindi, enda taki hann og að sér allar skuldbindingar þess.
- d. Síðari másl. 10. mgr. falli niður.
7. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi og skrásetningarstjóri tilkynna það viðkomandi váttryggingarfélagum og Samabyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—5000 krónum. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.
8. Við 13. gr.
a. Í stað tveggja síðustu málsliða 4. málgr. koma tvær málgr., svo hljóðandi:
Ef skip er stutt utan váttryggingarsvæðis félags síns, þegar það verður fyrir tjóni, skulu skoðunarmenn þess félagssvæðis, sem skipið er stutt á, framkvæma skoðunina. Sé skipið stutt erlendis, ber að tilkynna Samabyrgðinni tjónið simleiðis, sem þá ákveður skoðunarmenn í samráði við stjórn félagsins.
Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerðir skipa sinna, nema félagsstjórnin ákveði annað, enda sé sýnt, að aðgerð verði þá ódýrari.
- b. Við 5. mgr. bætist: eða samkomulag hafi orðið við félagsstjórnina um frestun á viðgerðinni.
- c. Síðasti másl. síðustu mgr. falli niður.
9. Við 17. gr.
a. Í stað orðanna „fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: að viðbættum björgunarkostnaði fer fram úr váttryggingarupphæð skipsins.
- b. 3. mgr. („Félög skulu“ o. s. frv.) falli niður.
- c. Í stað orðanna „10 mánuðum“ í síðustu mgr. komi: 6 mánuðum.
10. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Kostnað vegna björgunar eða aðgerðar á skipi greiðir váttryggingarfélagið eftir mati eða dómsúrskurði, ef eigi næst samkomulag um fjárupphæðina.
11. Við 24. gr.
a. Orðin „ef báturinn ferst“ og til enda 2. mgr. falli niður.
- b. Upphaf 3. mgr. orðist svo: Félagið skal ávallt.
12. Við 29. gr.
a. Síðari másl. 1. mgr. orðist svo: Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laga um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma.
- b. Í stað orðanna „verður fyrir“ í lok 2. mgr. komi: verður talinn eiga sök á.
- c. 3. mgr. falli niður.
13. Við 30. gr.
a. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytinu“ í 1. mgr. komi: ráðuneytinu.
- b. Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytisins“ í 2. mgr. komi: ráðuneytisins.
14. Við 31. gr. Á eftir orðunum „hafnaráhættu (revier)“ í síðustu mgr. komi: og bruna.
15. Við 32. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
Dómi uppkveðnum samkvæmt þessum ákvæðum má þó áfrýja beint til hæstaréttar, enda sé það gert innan 30 daga frá birtingu dómsins.
16. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.
17. Við bráðabirgðaákvæði. Síðasti málsliður falli niður.

Alþingi, 5. maí 1947.

Gísli Jónsson, B. Kristjánsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
form., frsm. fundaskr., með fyrirvara.
Steingr. Aðalsteinsson.